

Krakkakot, náttúruleikskóli

Skil á starfsáætlun er 20. október 2018.

Helstu áherslur í uppeldisstarfinu fyrir skólaárið.	Gæðaviðmið	Rökstuðningur fyrir vali áhersluþátta	Mat á gæðaviðmiðum byrt í árssk.
Uppeldi til ábyrgðar - innlög haust 2018 eins og venja er.	Leggja allar deildir inn þarfahringinn og ljúka innlög að hausti með sáttmála.	Öflug uppeldis- og agastefna sem við höfum sannreynt að virkar vel.	2019
Frjáls leikur í forgrunni. Leikurinn þróaður og skoðaður með t.t. leikefnis og þátttöku kennara.	Leikefni áhugavert og þroskandi? Hæfir leikefni aldri barnanna á deildinni? Opinn efniviður nýttur í leik barna.	Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfs. Okkur finnst mjög mikilvægt að börnum frá 1-6 ára fái að leika sér frjálst án stýringar og að efniviðurinn sé áhugaverður og þroskandi.	2019
Hugarró, öndun, slökun, hugleiðsla, jóga og hvíld	Aðferðir Hugarfrelsis nýttar til að koma á ró og slökun á öllum deildum.	Við tejum nauðsynlegt að börn í dag geti nýtt sér þá tækni að anda, hugleiða og slaka á í þeim erli og áreiti sem er í leikskólanum og samfélaginu.	2019
Vináttuverkefni Barnaheilla	Markvisst unnið með Vináttuverkefnið í hverri viku.	Fallegt og handhægt verkfæri til að tala um fjölbreytileika, vináttu, hugrekki og hvernig við getum verið besta útgáfan af sjálfum okkur.	2019
Læsisstefna og markviss málörvun, lestur, söngur og frásögn.	Læsisstefna skólans er nýtt markvisst í málörvunarstundum og samverustundum.	Allar stundir daglegs starfs s.s. máltíðir og í fataklefa nýttar til að hafa orð á athöfnum. Samveru og söngstundir eru einn af fastrir liðir í dagskipulagi leikskólans og þar gefst kostur á að efla marga þætti læsisstefnunnar.	2019

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Aðgengi barna að skapandi efniviði alla daga s.s. málningu, lími, skærum, pappír og verðlausum efniviði í listakrók.	Óstýrð verkefni þar sem börnin skapa sjálf	Það er börnum eðlislægt að vera skapandi og mikilvægt að þau hafi tækifæri til að kanna, þróa og koma hugmyndum sínum á framfæri.	2019
Auka listnám elstu barna með Díönu listakonu.	Þróun teikninga	Það hefur sýnt sig að elstu börnin hafa bæði ákaflega gaman að þessum stundum og þeim fer gríðarlega mikið fram í teikningu, formskynjun og hugrekki til að skapa sjálf.	2020
Vettvangsferðir - útikennsla	Hafa gaman	Hreyfing útivið er börnum nauðsynleg, gögnuferðir reyna á þol og samvinnu og ekki skemmir fyrir að við getum lært heilmikið í gönguferðum.	2020
Hreyfing hjá öllum börnum 1 x í viku, elstu börn í íþróttahúsi en yngri börn í leikskólanum. Markviss hreyfing ánuður í júní.	Eykst úthald og þol.	Skipulögð og markviss hreyfing í íþróttahúsinu og hér heima eflir hreyfifærni barna og úthald.	2019
Námsögumöppur - skráning.	Ein námsaga á hvorri önn.	Skemmtileg og eiguleg ferilmappa barns gegnum leikskólagöngu þess.	2019
Grænfánavinna	Er unnið að öllum þeim þáttum í grænfánavinnunni sem við höfum náð samkvæmt Grænfánaskýrslunum fimm?	Við höfum ákveðið að rifja upp og slípa til þá þætti í grænfánavinnunni sem við höfum þegar náð. Þegar grant er skoðað þá getum við gert betur og eitthvað af þeim þáttum sem við erum búin að ná farnir að leka útfyrir og meðfram. Við munum því ekki flagga Grænfánanum í sjötta sinn vorið 2019.	2020
Verkefni elstu barna - samvinna milli leik- og grunnskóla.	Hljóm - 2 og samstarfssamningur við Álftanesskóla	Grunnur lagður að læsi og undirbúningi yfir á grunnskólastigið.	2019
Matsþættir vetrarins	Ábyrgðaraðili	Viðmið sett fram / gagnaöflunarleiðir	Verklök/birting á niðurstöðum

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Námsöguskráningar	Deildastjórar	Námsögur skráðar ein fyrir jól og önnur eftir jól. Myndir hluti af skráningu námsagna. Er skráningarblaðið útfyllt þ.e. eingum þáttum þess slept? Eru foreldrar ánægðir með námsöguskráningarnar? Foreldrar spurðir í foreldraviðtölum	janúar og mars 2019. Foreldraviðtöl í mars
Heilsueflandi skóli	Matsteymi	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, samanburður á veikindadögum jan,feb og mars árin 2017, 2019 og 2019. Eykst starfsánægja? kannað í viðhorfskönnun.	2019 og 2020
Árekstrar milli barna í útiveru og hvernig eru árekstrar leystir?	Allir starfsmenn	Árekstrar á leikskólalóð fleiri en 10 á dag þar sem starfsfólk þarf að koma að og hjálpa til við að leysa ágreining. Slysaskráningar ekki fleiri en 1 á mánuði yfir könnunarmánuðina þrjá. Starfsmenn nota orðræðu u"Uppeldis til ábyrgðar" við að leysa árekstra og fyrirbyggja árekstra? Gagna aflað með skráningum á hverjum degi í nóvember 2018, febrúar 2019 og apríl 2019. Starfsmenn svara könnun um hvernig ágreiningar á útsvæði eru leystir.	apríl 2019, niðurstöður birtar í ársskýrslu 2019
Skólanámskrá. Unnið að því að setja inn í skólanámskrá nýjungar sem verið er að innleiða og sem eru komnar til að vera í skólastarfinu	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Árið 2020 stefnum við að því að vera búin að endurskoða skólanámskrá og bæta inn í þeim þáttum skólastarfsins sem hafa verið að festast í sessi á undanförunum árum eða frá því að ný skólanámskrá leit dagsins ljós. Árið 2018 - 2019 fer í að bæta þessum þáttum inn og árið 2019 - 2020 í að fínþússa aðra þætti og betrubæta skólanámskránnu ef þörf er á.	2019
Hvaða þættir eru lagðir til grundvallar foreldrasamstarfi?	Ábyrgðaraðili	Tímalína	Smantekt birt í ársskýrslu
Jákvæð og góð samskipti daglega	Allir starfsmenn	Daglega	1.6 2019
Foreldraviðtöl 1-2 á ári og eftir þörfum, foreldrar geta pantað foreldraviðtal þegar þeir óska eftir.	Deildastjórar	okt, og mars	1.6 2019
Þáttökuaðlögun á yngstu deildum	Deildastjórar	ágúst og september	1. 6 2019

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Kynningafundir um skólastarfið að hausti	leikskólastjórar/deildastjórar	19. 20.24. 24. og 26. september kl. 8:30 - 9:00	1. 6 2019
Fjöldi viðburða í skólastarfinu sem foreldrar er boðið að vera þátttakendur.	Deildastjórar	Sept, des, feb, apríl, maí	1.6.2019
Öflugt samstarf við foreldrafélag	leikskólastjóri	sept, des, mars, júní.	1.6.2019
Faglegt samstarf við foreldraráð	leikskólastjóri	fer eftir verkefnum hverju sinni	1.6.2019
Nýbreytni, og þróunarverkefni.	Ábyrgðaraðili	Lýsingar á innleiðingu	Smantekt birt í ársskýrslu
Heilsueflandi skóli - þróunarverkefni starfsfólks og barna	Deildastjórar/deildastjórfsfólk	Innleiðing hófst vorið 2017 með því að starfsfólk breytti kaffitímafyrirkomulagi sínu og tekur nú einungis einn langan kaffitíma á dag í kringum hádegi. Þróunarverkefnið felst í því að starfsfólki gefst kostur á að hreyfa sig á þeim tíma. Þetta skólaár ætlum við að þróa leiðir til að koma markvissum hreyfistundum inn í starfið með yngri börnunum inni í leikskólanum. Eldri börnin fara markvisst í íþróttamiðstöð Álftaness en munu líka geta notað salinn okkar markvisst.	1. 6 2019
Gleðiskjóður, heilafóður er verkefni sem sérkennslustjóri og sérkennari sóttu um styrk til að framkvæma. Gleðiskjóðurnar verða 9 talsins og í þeim er að finna áhugaverða bók og verkefni henni tengd. Verkefnin eru fjölbreytt s.s. Hreyfing, slökun, læsi, sköpun, lýðræði og jafnrétti.	Allt starfsfólk leikskólans getur tekið "Gleðiskjóðu" til að vinna með allt upp í eina viku í senn.	Þeir starfsmenn sem sóttu um þróunarstyrkinn vinna við að útbúa efni í "Gleðiskjóðurnar" og kynna hvernig skuli unnið með skjóðurnar á starfsmannafundi. Hver deild skólans getur fengið eina skjóðu til að vinna með á viku. Allt efni er handhægt og í pokunum en starfsfólk þarf að sjá um að kynna sér efni sjóðunnar áður en hafist er handa við að vinna með hana.	1.6.2019

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

"Tökum skrefin saman" þróunarverkefni sem snýr að yngstu börnunum í leikskólanum. Samvinnuverkefni þriggja leikskóla í Garðabæ, Sunnuhvals, Hnoðrahólts og Krakkakots.	Leikskólastjórar leikskólanna þriggja	Inleiðing hófst formlega þann 17. sept. 2018. Þar sem kynning á verkefninu fór fram til starfsmanna allra skólanna þriggja. Handleiðarar verkefnisins eru báðar starfandi við Menntavísindasvið HÍ og munu koma reglulega á fundi inn í leikskólana og leiða verkefnið. Verkefnið mun aðalega snúa að starfendarannsóknum kennaranna sem taka þátt í verkefninu.	1.6.2019
Lubbi finnur málbein	Deildastjórar	Eyrún Ísfeld Gísladóttir kom með Lubba námskeið fyrir allt starfsfólk Krakkakots 17. 09.2018 og í framhaldi af því námskeiði tók allt starfsfólk ákvörðun um að fara að vinna með hugmyndafræðina um Lubba. Unnið verður með Lubba í máörvunarstundum vikulega.	1.6.2019
Fræðsla til kennara/ stefna í starfsmannahaldi.	Ábyrgðaraðili		Smantekt birt í ársskýrslu
"Lubbi finnur málbein" námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans 17. september 2018.	Leikskólastjóri/Sérken nslustjóri	Eyrún Ísfeld Gísladóttir heldur þriggja tíma "Lubba" námskeið fyrir allan starfsmannahópinn á skipulagsdegi.	1.6 2019
Ný persónuverndarlög - fræðsla á starfsmannafundi	Leikskólastjóri	Telma Halldórsdóttir lögmaður og persónuverndarfulltrú Garðabæjar fylgir eftir nýrri persónuverndarstefnu Garðabæjar.	1.jún.19
"Tökum skrefin saman" fræðsla um starfendarannsóknir fyrir allt starfsfólk leikskólans 17. september 2018.	Leikskólastjóri Sunnuhvals	Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir kynnti fyrir starfsfólki Krakkakots, Sunnuhvals og Hnoðrahólts hugmyndafræði starfendarannsókna	1.jún.19
Ýmiskonar fræðsla á starfsmannafundum sem tengjast viðfangsefnum skólans. Fyrirlesarar fengnir með fyrirlestra. Leikskólastjórar með kynningar sem og aðrir starfsmenn kynna hin ýmsu efni tengdum starfsemi skólans	leikskólastjórar og aðrir starfsmenn	Fræðasamfélagið í leikskólanum, þekking starfsmanna nýttur til að fræða annað starfsfólk. Fyrirlesarar fengnir til að koma og dýpka þekkingu starfsfólks á tilteknum þáttum skólastarfsins.	1. 6 2019

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Sameiginleg fræðsla fyrir Lundaból, Holtakot og Krakkakot á starfsdegi 11. janúar. Námskeiðið heitir "Hvernig getum við verið í topp tilfinningarlegu formi"	Leikskólastjórar, Lundabóls, Holtakots og Krakkakots	Bjartur Guðmundsson frammistöðupjálfi og leikari heldur námskeið fyrir starfsfólk leikskólanna þriggja um hvernig við getum verið best útgáfan af sjálfum okkur.	1.jún.19
Skyndihjálparnámskeið Rauða krossins Starfsfólki stendur til boða að sækja öll þau námskeið sem bjóðast í samvinnu við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra	Leikskólastjóri	Stefnt að því að fá aðila frá Rauðakrossi Íslands með fræðslu fyrir allt starfsfólk Krakkakot á starfsdegi 27. nóvember eða 31maí 2019.	1.jún.19
	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri	Starfsfólki gefst kostur á að sækja hin ýmsu námskeið sem eru í boði ef áhugi og geta er til vegna starfsemi skólans	1.6.2019
	Annað	Birt með starfsátl.	Skóladagatal og matsáætlanir
Skóladagatal fyrir veturinn 2018-2019	x	Skóladagatal	júní ár hvert
Matsáætlun fyrir veturinn 2018-2019	x	Matsáætlun veturinn 2018-2019	20. okt. ár hvert

Hjördís Ólafsdóttir, leikskólastjóri.
31.09.2018

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

|

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

|

|

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

|

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.